Menningarmál

Draumurinn og gríman

Höfundaleikhúsið:
HLÆÐU MAGÐALENA, HLÆÐU
Einþáttungur eftir Jökul Jakobsson.
Leikstjóri: Hrafn Gunnlaugsson
Leikmynd og sviðsstjórn: Else Duch.

Í Hótel Loftleiðum er vistlegur fundarsalur með ofurlitlu leiksviði. Þar eru þægilegustu sæti í íslenzkum leiksal. Og þar er þessa dagana fitjað upp á nýjustu nýlundu í leiklistarlífinu með „höfundaleikhúsinu" sem þeir standa fyrir í byrjun, Jökull Jakobsson og Hrafn Gunnlaugsson.

Þrátt fyrir allmikil umsvif leikhúsanna í Reykjavík á undanförnum árum, ekki síst í fyrra, á þjóðhátíðarári, hefur leiksýningum í Reykjavík, nýjum verkefnum á leikári, ekki fjölgað í seinni tíð, og líklega frekar fækkað frá því sem mest hefur gerst. Þetta stafar á meðal annars af því að með vaxandi aðsókn, hækkandi sýningatölu, allténd þeirra leiksýninga, sem bezt ganga, minnkar að sama skapi svigrúm fyrir ný verkefni. Ég hef það fyrir satt að bæði leikhúsin hafi þess vegna í vetur orðið að fresta um sinn fyrirhuguðum verkefnum.

Meira munar þó að með vaxandi umsvifum í leikhúsunum sjálfum hefur dregið úr leikstarfsemi utan leikhúsanna. Fyrir fáeinum árum störfuðu a.m.k. tveir leikflokkar nokkuð reglulega í Reykjavík, Gríma og Leikfélag Kópavogs, með þetta 1-2-3 frumsýningar á ári. Báðir þeir flokkar hafa nú lagst niður án þess aðrir kæmu í þeirra stað. Leikhúsin hafa á hinn bóginn ekki rekið að staðaldri aukasvið eða annexíur, sem þau hafa þó bæði prófað, fyrr en í fyrra að hótst rekstur „litla sviðsins" í Þjóðleikhúskjallaranum. Og revíu- og farsasýningar í Austurbæjarbíói hafa reyndar í vetur verið verulegur þáttur í starfsemi Leikfélagsins.

Þegar litið er um öxl til starfsára Grímu rifjast fyrst upp ýmis innlend viðfangsefni leikflokksins: Gríma var alvar-

LEIKHÚS



EFTIR ÓLAF JÓNSSON

legasta tilraunin sem hér hefur verið gerð til að koma á fætur „leiksmiðju" fyrir rithöfunda og leikhúsfólk. Vera má að slíkt tilraunasvið eigi að komast á í Leikhúskjallaranum. Af þremur innlendum frumsýningum Þjóðleikhússins í vetur voru tvær á kjallarasviðinu — en að vísu báðar á verkum eftir ráðna og reynda höfunda, Jökul Jakobsson og Guðmund Steinsson. Og það er Jökull sem nú ríður á vaðið í Höfundaleikhúsinu nýja, starfsemi sem vonandi er að haldi áfram. Það er þörf og svigrúm fyrir „tilraunastöð" rithöfunda og leikhúsmanna utan hins reglulega leikhúsrekstrar, og mannskapur ætti að vera nægur meðal ungs og upprennandi leikhúsfólks og höfunda sem áhugasamir eru að prófa að skrifa fyrir svið.

Á bak við hláturinn

Jökull Jakobsson er í seinni leikritum sínum æ sinnaðri fyrir isskyggileg og uggvænleg frásagnarefni. Það var eiginlega efniviður hrollvekju sem hann fór með af gáska og alvörugefni í senn í leiknum um Pétur mandólín í Leikhúskjallaranum í vetur. Einþáttungur hans í Höfundaleikhúsinu er nýtt tilbrigði við sömu eða svipuð stef, þar er í fyrstunni léttilega leikið að kunnuglegum efnum, andstæðu draums og virkileika, ófullnægðrar nútiðar og minningar eða draums um æskuna, en fyrr en varir fellur grima veruleikans og gamanseminnar og eftir stendur einskær angistin, innantóm skelfing sem hlátur Magðalenu tjáir í leiknum, sem við hann er kennt.

Þóra Friðriksdóttir og Herdís Þorvaldsdóttir fara með hlutverkin tvö í leiknum, Ingiríðar og Magðalenu, tveggja kvenna eða klassískra kvengervinga öllu heldur, öskubusku og helgu fögru, eftir að þær eru komnar á miðjan aldur og glansinn heldur en ekki farinn af þeim. Þær reka í staðinn tau- og tölubúð. En innan um tauið og tölurnar lifir ennþá minningin um það sem einu sinni var, æskuna og lífsgleðina sem þrátt fyrir allt gæti réttlætt líf þeirra systra þann hlátur sem áður var — kannski. Skyldi hann ekki getað ómað á ný? Um þann draum og hvernig hann rætist fjallar leikurinn, tómir smámunir kannski, leikur með hlutverk og frásagnarefni, en fjarska haglega með það farið. Og þyki áhorfendum hans seinni leikir Jökuls keimlíkir er það til glöggvunar að rifja upp hina fyrri angurværu og viðkvæmnislegu leiki hans fyrir útvarp og sjónvarp, Gullbrúðkaup eða Frostrósir, til að sjá hvað margt hefur breyst.

Sýning Höfundaleikhússins er stutt, leikur Jökuls ekki nema rúmur hálftími. Eftir hlé las Sigurður Karlsson söguþátt eftir Hrafn Gunnlaugsson, ekki óskemmtilegan samsetning, en ekki er það dramatiskt verk. Semur enginn einræður fyrir svið? En um Jökul Jakobsson verður maður með hverju nýju verki hans forvitnari upp á hverju hann taki nú næst.



Hlæðu Magðalena: Herdís Þorvaldsdóttir í Höfundaleikhúsinu.

Synda eða sökkva

Það er í fyrstu ákaflega upptrekkjandi reynsla að koma inn á sýningu Sveins Björnssonar að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hann 84 verk, hvorki meira né minna, sem hljóta að vera hátt í 200 fermetra af litahringiðu og olíuólgu. Það er eins og gripið sé í hnakkadrambið á áhorfanda og honum sé fleygt út á þennan ólgusjó tilfinninga til að synda eða sökkva. En þegar maður braggast og fer að skoða málverkin með stillingu og óhlutdrægni, lækkar á öldunni og eftir verður aðeins bára sem gutlar í fjörunni.



Það má segja að myndefni Sveins skiptist í þrennt: landslags og öldumyndir, sjómann með þorsk og ævintýri með fugli. Síðan eru myndir þar sem sjómenn, öldur, þorskar og fuglar eru saman, eða þá myndir þar sem ævintýri fjalla bæði um fisk og fugl. Inn í þessar myndir koma svo gjarnan einskonar heilagra höfuð sem halla undir flatt með geislabaug og eru þá oft líklega ævintýraleg, með eða án fugla og fiska.

Hvað landslags- og öldumyndirnar snertir, eru þær einna ofsafengnastar. Litrófi sínu heldur Sveinn í temmilegum skefjum, en málar hratt og breitt, oft með spaða eða breiðum pensli. Í öldumyndunum (nr. 7, 30, 41, 44, 58 o.fl.) er þessi óskapa vinnumáti að einhverju leyti réttlætanlegur, þar sem meiningin er greinilega að fanga myndkraft sjávarins. En eins og ávallt verður listamaður að reyna að móta náttúruna eftir sínu höfði, gera úr henni „mynd", því annars er starf hans tilgangslaust og fyrir bí. Í myndum sínum lætur Sveinn öldurna ráða ferðinni og útkoman verður uppspenntur kraftur, en ekki myndir. En þegar Sveinn beitir þessari aðferð á landslag og útkoman verður ávallt þunglamalegar myndir sem ekki segja okkur neitt nýtt um myndefnið, þá freistast maður til að halda að annaðhvort hafi listamaðurinn ekki mikla tilfinningu fyrir landslagi, eða þá að vinnumátinn skipti hann nær öllu máli, fremur en myndefnið. Sjóaramyndir Sveins renna nokkrum stoðum undir þann grun, en þar nálgast hann sjómenn við veiðar á svipaðan hátt og Gunnlaugur Scheving gerði þ.e. frá kröppu sjónhorni þar sem áhersla er lögð á þá myndrænu fyllingu sem form báta og sjóstakka skapa á fletinum.

En þar sem Gunnlaugur náði ávallt að nýta þessar forsendur á margskonar vegu, eru sjóaramyndir Sveins svo til allar á einn veg. Sjómaðurinn er séður framan og aðeins ofan á og hreyfingar hans eru ávallt þær sömu, hann grípur rauðan, bláan eða grænan þorsk báðum höndum og stórir rauðir, bláir eða grænir fuglar spigspora í kringum hann. Það eru því litirnir og vinnubrögðin sem verða að halda uppi þessum myndum og þessi tvö atriði, þótt hressileg séu, verða ansi leiðigjörn þegar horft er á um 20 myndir í sama dúr, með sama litavali og sama linnulausa hamsleysinu. Það gerist að vísu oft að listamenn vinni í myndröðum, til að kanna til hlítar eitthvert sérstakt viðhorf. En í slíkum myndröðum hlýtur áhorfandi að mega fara fram á meiriháttar breytingar í hverri mynd í slíkri röð, allavega meiri breytingar og sjálfstæðari meðferð myndefnis heldur en Sveinn virðist telja nauðsynlegt.

Í hinum svokölluðu ævintýramyndum og „fantasíum" Sveins hefði maður búist við meira hugarflugi í myndefnavali. En þar rekst maður aðeins á síendurtekin höfuð með geislabaug, ásamt kunningjum okkar, rauðu og bláu fuglunum, sem virðast vera til reiðu hvenær sem fylla þarf auðan reit á striganum. Lengra nær ævintýrið ekki.

Það er virðingarvert að Sveinn skuli hafa kjark til að takast á við stóra striga, — eins og þeir eru nú illseljanlegir. En þegar þeir eru grandskoðaðir segja þeir raunar ekki annað en það sem þegar hefur komið fram á minni myndunum, — segja hið sama með meiri hávaða. En óhæft er að leggja í slík stórfyrirtæki með það eitt í huga að þekja myndflöt af nógu miklum krafti. Það virðist því tími til kominn fyrir málarann að hugsa sinn gang, stokka spilin upp aftur og virkja ólguna miklu á einhvern nýjan og myndrænni hátt.

MYNDLIST



eftir Aðalstein Ingólfsson